

Nd.

526. Frumvarp til laga

[275. mál]

um ræktun, eldi og veiði vatnafiska.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Á: Straumvatn frá upptökum að ósi í sjó.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

Arðskrá: Skrá, er sýnir þann hluta veiði eða arðs af veiði, sem koma á í hlut hvernjar jarðar eða jarðarhluta eða landareignar, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettur, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dorg: Veiði á agn upp um ís.

Dráttur: Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, fóðrun og gæsla alifisks, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðferðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 45. gr.

Fiskur: Lax (*Salmo salar*), silungur (*S. trutta* og *S. alpinus*) og regnbogasilungur (*S. gairdneri*), áll (*Anguilla anguilla*) eða annar vatnafiskur, er hingað kann að berast eða ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast, svo sem lagnet, króknet, kista, gildra og girðing.

Gildra: Veiðitæki gerð úr neti með kró, sem fiskur safnast fyrir í.

Gönguseiði: Lax- eða sjósilungsseiði, sem hafa öðlast þroska til að ganga úr fersku vatni í sjó.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska, er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.

Hafbeitarstöð: Aðstaða, sem sköpuð er til hafbeitar.

Jörð: Lögbyli, samkvæmt ábúðarlögum.

Kvíaelði: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

Kvísl: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

Lögn: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Netlög í sjó: 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

Netlög í stöðuvatni: 115 m frá vatnsbakka.

Ós í á: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

Ós í stöðuvatni: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjógönguseiði: Sjá gönguseiði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Strandtjarnareldi: Fiskeldi í tjörnum á sjávar- eða vatnsbakka í fersku vatni eða söltu.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í og um stórstraumslágflæði.

Stöðuvatn: Vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnafiskur: Fiskur, sem lifir að hluta til eða eingöngu í fersku vatni.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

Veiðihlutur: Hundradshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivatn: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.

Veiðivél: Sjá föst veiðivél.

II. KAFLI

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði á landi sínu og í sjó í netlögum, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.

2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og landbúnaðarráðherra samþykki að fengnu álitu veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, annan en stangarveiðirétt, og þá eigi lengur en 8 ár í senn, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.

5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. mgr., og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar.

2. Nú er innlausnar krafist samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafist þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.

3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 97. og 99. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal þá réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan. Að öðru leyti fara landskiptin fram í samræmi við landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

5. gr.

Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsparfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti. Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanfögnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr. 1. mgr.) eða almenningi (8. gr. 1. og 2. mgr.), en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.

III. KAFLI

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn.
2. Í skránni skal greina:
 - a. Nafn veiðivatns og legu.
 - b. Hvaða jörðum fylgir veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stunduð verið.
 - c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.
 - d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitíma, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.
 - e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.
 - f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.
 - g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.
3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum, fiskeldis- og hafbeitarstöðvum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.
4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt veiðifélags eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiði í sjó.
2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

12. gr.

1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.
2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður við prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.
3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

13. gr.

1. Ráðherra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá, sem kaupir lax eða silung til sölu innanlands eða utan, svo og gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skuli á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.
2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

IV. KAFLI Um friðun lax og göngusilungs.

14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó og ekki silung utan netlaga.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Fyrir laxveiði þá í sjó, sem heimil er samkvæmt ákvæðum 3. töluliðar 14. laga nr. 76 frá 1970, skal greiða bætur eftir mati samkvæmt 97. og 99. gr. og má taka þær lögtaki. Bætur þessar greiðist í einu lagi að mati loknu, og falla þær á ríkissjóð að hálfu. Hinum helmingnum skal jafna niður á þau veiðifélög, veiðieigendur, fiskræktar- og eldisstöðvar, sem að dómi matsmanna njóta góðs af friðun þessari, í þeim hlutföllum, sem matsmenn ákveða. Bótapegi skal þó eiga þess kost að fá þennan þátt bótanna sem árlegar, verðtryggðar greiðslur, er fylgi landareign á sama hátt og veiðiréttur. Skal þá greiða bæturnar með hlut í arðskrá viðkomandi veiðifélags, þar sem við verður komið. Heimilt er gjaldanda að krefjast endurmats á greiðsluhlutföllum bóta, þó eigi tíðar en á 8 ára fresti.
4. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.
5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðifélag vill leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 94. og 96. gr.
6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi. Um bætur til veiðieigenda vegna slíkrar takmörkunar fer skv. 94. gr. og 96. gr.
7. Með sama skilordí og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

15. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi á lóð, í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má í veiða.
2. Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. mars til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m³ á sekúndu, enda gangi fiskur í það vatn, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira. Hlutaeigandi veiðifélag fer með umráðarétt á stangarveiði á friðunarsvæðum þessum. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu álití veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs svo og selaveiði og hrognkelsaveiði.
3. Sá er sætir takmörkun á veiðirétti sínum vegna ákvæða 1. málslíðar 2. mgr. skal jafnan eiga rétt á aðild að viðkomandi veiðifélagi í stað eignarnámsbóta skv. 94. og 96. gr.

16. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.
2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.
3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða

öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. mgr., þar sem svo hagar til að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

4. Ráðherra er rétt, með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 97. gr., ef eigi semur.

17. gr.

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 97. gr.

18. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Nú telst sannað, að fiskur hrygni í veiðivatni í september, og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða, að veiðitíma ljúki fyrir í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

3. Göngusilungur má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft, að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, dorg og færi.

4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

19. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Landbúnaðarráðherra er heimilt að stytta þennan friðunartíma í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hættá á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Á sama hátt má stytta friðunartíma á netlögum í sjó í allt að 48 stundir á viku, að fengnu álitni veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags um sjávarveiði. Með sama skilorði má lengja friðunartímamann um allt að 24 stundir, verði talin hættá á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu eða til jöfnunar á fiskgengd í því vatni. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvötn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga

ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar á fiskgengd í því vatni.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr Fiskræktarsjóði að 1/3 hluta.

20. gr.

1. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, að friða tiltekin svæði í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri, að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Með sama skilorði má friða einstakar lagnir eða svæði innan netlagna í sjó, ef brögð eru að því, að lax veiðist þar í veiðarfæri ætluð öðrum fiski.

Friðun þessa má binda við tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð, að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila, sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 97. gr., ef eigi semur.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

21. gr.

1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

22. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteini skal gefið út handa einstaklingi eða veiðifélagi, og gildir það um tiltekinn tíma. Veiðiskírteini til klaks veitir eigi rétt til veiði í öðru fiskihverfi en því sem klakið er í, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða veiðifélags, og má binda leyfi því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í. Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðherra, með tilteknum skilyrðum ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.

3. Rétt er ráðherra, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, þegar þurfa þykir, og skal sá, er veiðiskírteini fær, bera kostnað af eftirliti. Með sama skilorði getur ráðherra sett reglur um, hvar og hvernig sleppa skuli aliseiðum eða fiski í veiðivatn.

23. gr.

1. Frá 25. september til 20. maí ár hvert er bannað að gefa, selja eða láta af hendi með öðrum hætti lax, kaupa hann, þiggja að gjöf, taka við honum eða flytja hann úr landi.

2. Bann það, er getur í 1. mgr., tekur eigi yfir:

a. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á löglegum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frystur eða unninn á annan hátt.

b. Lax og göngusilung og seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

c. Alifisk.

V. KAFLI

Um friðun vatnasilungs.

24. gr.

1. Vatnasilung er heimilt að friða fyrir allri veiði, ef ástæða þykir til. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju, í samráði við hlutadeigandi veiðifélag.

2. Ráðherra er rétt, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun í viku hverri í stöðuvatni.

3. Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni, er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetaveiði til heimilisnota á friðunartíma. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um friðun vatnasilungs, þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

25. gr.

1. Ráðherra er rétt, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni, þar sem hitasilungur eða ungvíði safnast fyrir.

2. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra þá heimilt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra og með samþykki eiturefnanefndar, að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns í vatni með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

26. gr.

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.

1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lagnet og króknet.

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

3. Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálastjóra, að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.

4. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til vísindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.

5. Eigi má fjölga lögnum frá því, sem var árið 1957.

6. Ráðherra getur leyft, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, að breytt sé um veiðiaðferðir og veiði með föstum veiðivélum tekin upp. Skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabíl, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.

7. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er þá ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

28. gr.

1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

29. gr.

1. Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar. Aldrei mega net eða aðrar veiðivélar vera þannig gerðar, að hætta sé á að þær taki fisk, sem er á niðurleið í átt til sjávar.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, má eigi leggja lagnet svo að af verði gildra.

3. Lagnet og króknet, sem notuð eru í straumvatni, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Sama máli gegnir um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.

4. Í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skulu net um laxveiðitíma eigi vera stóriðnari en svo, að 5 cm séu á milli hnúta þegar net eru vot, enda sé lax þar friðaður fyrir netaveiði.

5. Við lagnetaveiði silungs í sjó má eingöngu nota landföst net og skulu þau eigi vera stóriðnari en svo, að 5 cm séu á milli hnúta þegar net eru vot.

6. Eigi má nota tvöföld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða slafaki, má þó hafa net til varnar gegn reki þessu. Slik varnarnet mega þó hvergi vera nær neti eða garði en 3 m, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjast í þeim eða króast. Veiðimálastjóri setur regur um gerð varnarnetja.

30. gr.

1. Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur né neitt annað, sem festir í fiski að honum óvörum og án þess að hann elti það. Rétt er ráðherra að setja reglugerð um gerð veiðitækja að fengnum tillögum veiðimálastjóra.

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag. Nú verða öll net tekin upp við ákveðið tímabil veiðitímans, samkvæmt ákvörðun stjórnar veiðifélags, og getur hún þá um það tímabil leyft stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt var með föstum veiðivélum eða ádrætti.

3. Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum né stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur, sbr. 1. mgr. 35. gr.

4. Veiðimálastjóri ákveður, með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa samtímis í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

5. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaða eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni, slíku er ræðir um í 4. mgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast mats samkvæmt 97. gr. laga þessara.

31. gr.

1. Girðing í straumvatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skal þannig gerð, að hlið sé á henni, eigi minna en 5 m breitt, við inngang í gildru eða veiðikró. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að hlið skuli höfð á girðingu, þar sem hún liggur yfir ál, sem ætla má að mikil fiskför sé um. Hlið þessi skulu standa opin þann tíma viku, sem vatn er friðað samkvæmt 19. gr. Eigi má hafa nema einn leiðara við girðingu, og telst hann hluti veiðivélarinnar.

2. Inngangur í veiðikrær skal vita niður eftir straumvatni, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja upp frá sjó né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, sem er á niðurleið í átt til sjávar.

32. gr.

1. Laxakista eða silunga skal þannig gerð, að í þeirri hlið kistu, er mest veit á móti straumi, séu eigi færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns. Slár má því einungis hafa milli spela, að þær gangi þvert á þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið sem segir í 1. mgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir. Má hliðið eigi þrengra vera en 50 cm og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. mgr. Veiðimálastjóri getur skipað svo fyrir, að sett skuli hlið á garð þennan, þar sem ætla má að fiskför verði mest í þeim hluta straumvatns, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð sem fyrir er mælt í 2. mgr.

4. Í kistum og gördum að kistum má eigi vera skemmra milli spela en 4,5 cm.

5. Kistum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim til eftirlits.

33. gr.

1. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en $\frac{2}{3}$ hluta af breidd straumvatns í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd vatnsins, sbr. 17. gr.

2. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt. Eigi má ádráttarnet vera tvöfalt.

3. Eigi má hafa ádrátt nær fastri veiðivél en 200 metra.

34. gr.

1. Aldrei má föst veiðivél né nokkur hluti hennar ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði $\frac{2}{3}$ hlutar af breidd ár, en $\frac{3}{4}$ af breidd óss eða ósasvæðis, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél ná lengra út en í aðalstraumlínu eða í miðjan höfudál óss eða ósasvæðis.

2. Garður að lagneti og krókneti skal þannig gerður, að fiskur geti eigi ánetjast eða orðið fastur í honum. Sama gildir um leiðara að gildru. Veiðimálastjóri setur nánari ákvæði um gerð garðs eða leiðara að gildru.

3. Eigi má hafa fleiri en eitt lagnet, einn krók, kistu, gildru eða veiðikró í veiðivél hverri.

4. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni og á land flutt. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skulu höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

5. Þá er veiðitíma er lokið ár hvert, skal taka veiðivélar upp úr vatni, svo fljótt sem unnt er. Veiðimálastjóra eða eftirlitsmanni er rétt að taka upp veiðivél á kostnað eiganda, er eigi tekur hana upp á réttum tíma.

35. gr.

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Sama fjarlægð skal einnig vera milli silungsneti í sjó eftir endilangri fjöru. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal þá mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

36. gr.

1. Í þann hluta straumvatns, sem fiskur á frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, má eigi láta grjót eða aðra hluti, er tálma för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg straumvatns niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að þar verði dýpi meira en utan veiðivélarinnar.

2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., og skal honum þá skylt, þá er krafist er, að nema farartálmann á brott eða fylla farveg svo, að í samt lag komist. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin, og má eigi setja hana niður fyrr en straumvatn er komið í samt lag og áður.

3. Bannað er að stýggja eða teygja fisk í fasta veiðivél, ádráttarnet eða á veiðistað, svo sem með hávaða, grjótkasti eða ljósum.

37. gr.

Nú rennur straumvatn í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sérstakt vatn. Þó getur ráðherra eftir tillögum veiðifélags og veiðimálastjóra leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

38. gr.

1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet, gildru og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 4. mgr. 27. gr.

2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd og viðkomandi veiðifélag með því.

3. Ráðherra er rétt, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, að setja reglur um fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfd eru samkvæmt 1. mgr., og um lágmarksstærð silungs-, er veiða má.

4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlíta sömu ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi. Þar er einnig gildruveiði óheimil. Þó getur ráðherra að fenginni tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar veitt

undanþágu frá ákvæði þessu í þeim hluta stöðuvatna, sem lax og göngusilungur fara eigi um eða halda sig eigi fram undir hrygningu, svo og frá vikufriðun, sbr. 1. mgr. 19. gr.

5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum þeim, er getur í 3. mgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

39. gr.

1. Ráðherra er rétt að leyfa, að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni, enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins. Rýri tilkoma fiskvegar eða friðunarákvæði samkv. þessari málsgrein og 40. gr. veiðihlut einstakra jarða að mun, skal bæta það með hlut í arðskrá.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar batur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því, sem segir í 1. og 2. mgr.

40. gr.

1. Eigi má veiða eða stýggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 50 metra né nær efra mynni hans en 30 metra. Ákvæði þetta tekur þó eigi yfir veiði til klaks eftir veiðitíma né yfir veiði til vísindaparfa, enda hafi sá, er veiðir, fengið veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

41. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki, og skal þá þeim, er gera lætur, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er og skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegar er háð samþykki veiðimálastjóra, og skal verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:

a. Ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum.

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

c. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur, enda séu þá veiðisþjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegar, sem gerður er samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu, og getur þá veiðimálastjóri og viðkomandi veiðifélag krafist þess, að búið sé svo um skurð eða leiðslu, að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

43. gr.

Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar, og skal þá haga miðlun þannig, að sem minnst tjón hljóti á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga, þá er

uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra og veiðifélag um þetta.

44. gr.

Nú er unnið að mannvirkjagerð í eða við veiðivatn, og skal þá haga framkvæmdum á þann hátt, að sem minnst tjón hljóttist af á fiskstofni og veiðimöguleikum. Verði tjón skal framkvæmdaaðili greiða fullar bætur eftir mati, nema samkomulag verði.

VIII. KAFLI

Um veiðifélög.

45. gr.

1. Skytt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

- a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
- b. Að láta stunda veiði.
- c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
- d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skytt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, fækkun sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans, svo og að eigi verði brotinn hlekkur í lífríkinu, svo sem með notkun skordýraeiturs eða annarra eiturefna.

3. Um slíkan félagsskap sem getur í grein þessari skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

46. gr.

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

- a. Heilt fiskihverfi.
- b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
- c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
- d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landssvæði.
- e. Strandsvæði með veiðihlunnindum silungs í sjó.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t. d. vegna fiskræktar.

47. gr.

1. Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

- a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálanefnd.
- b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd.
3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

48. gr.

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til

afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal þá boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem hefur verið veiðilaust, og skal þá boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

49. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 48. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í fasteignamati 1970, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir þá gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal þá koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli, sem metið var til verðs í fasteignamati 1970, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

50. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði $\frac{2}{3}$ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði bréflaga, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal þá boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmæt samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálanefnd rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir uns félagið setur sér lögmæta samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker þá ráðherra úr.

3. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villst, allar þær jarðir, sem eru á félagssvæðinu.
- c. Verkefni félags.
- d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- e. Reikninga félags og endurskoðun
- f. Meðferð afla félags eða arð og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

4. Í samþykkt má ákveða, að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 46. gr. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

5. Heimilt er veiðifélögum að stofna svæðisbundin sambönd, er annist sameiginleg málefni félaga á því svæði.

51. gr.

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýnir hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hvernjar jarðar eða jarðarhluta eða landeignar, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurfjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks. Líta ber á lífríki vatnasvæðis sem eina heild og taka tillit til nýtingar allra þeirra fiskstofna, sem þar eru.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 50. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal þá stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 94. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 97. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafist. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða. Rétt er að skjóta arðskrármati beint til yfirmatsnefndar, enda séu aðilar ásáttir um það.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá fimm árum eftir setningu hennar í fyrsta skipti, en síðar á átta ára fresti.

52. gr.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli sem þeir taka arð. Arðskrá er einnig gjaldskrá.

53. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær þá aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann þær, eða þá er lagfært hefur verið það, er ábótavant þykir, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

54. gr.

Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 48. og 49. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, véfengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Véfenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur véfenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

55. gr.

1. Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal þá leggja þá jörð við það félagssvæði og er ábúanda hennar þá skylt að gerast félagi. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar á fund og á hann þar atkvæði um málið.

2. Óski veiðifélag að nýta til fiskræktar einhverja þá hluta vatnasvæðis síns, sem utan hins markaða félagssvæðis liggja, skal því heimilt að taka eigendur ræktunarsvæðanna inn í félagið eða semja við þá um greiðslu fyrir slík afnot. Náist ekki samkomulag um slíka greiðslu má skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 97. gr.

3. Standi fiskrækt, slík sem hér um ræðir, lengur en 8 ár í senn, geta veiðiréttareigendur á ræktunarsvæðinu krafist inngöngu í veiðifélagið, enda telji veiðimálastjóri ótvírætt, að fiskrækt þessi auki fiskgengd á félagssvæðinu.

56. gr.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

57. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafund þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þá þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 40 félagsmenn, með símtölum eða á annan þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði. Fundur er löglegur sé hann löglega boðaður.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, og skal þess þá getið í fundarboði. Greiða má atkvæði bréflaga, enda sé þess getið í fundarbók.

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 51. gr.

58. gr.

1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

2. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskirteini samkvæmt 22. gr.

59. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga þessara um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

2. Nú hagar svo til, að fiskrækt er stunduð, t. d. með seidasleppingum, á vatnasvæði, sem ekki hefur lífsskilyrði fyrir þá fisktegund, þannig að þrífast mætti ef fiskrækt væri hætt, og er þá ráðherra rétt, að fengnu álitni veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, að leyfa töku alls þess fisks, er á það vatnasvæði gengur, í gildru, kistu eða veiðikró. Slík veiðitæki eru þar undanþegin ákvæðum þessara laga um vikufriðun og gönguhelgi.

3. Til slíkra veiða sem að ofan getur þarf samþykki allra eigenda viðkomandi vatnasvæðis eða löglegs veiðifélags, þar sem það er til.

60. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast til jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 97. gr.

61. gr.

1. Nú starfar veiðifélag við fiskihverfi, þar sem áður var engin veiði eða svo lítil, að hún var eigi talin í skýrslum undanfarin 10 ár, og er þá félaginu rétt að gera samþykkt á lögmætum félagsfundi um fullnaðarfriðun fisks í því fiskihverfi eða friðun gegn allri veiði eða tilteknum veiðiaðferðum.

2. Samþykkt um friðun samkvæmt 1. mgr. gildir um 5 ár í senn, nema meiri hluti félagsmanna samþykki að breyta henni fyrir eða ráðherra mæli svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkvæmt 53. gr.

62. gr.

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarks lengd þeirra, draga úr veiði veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það þá rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með $\frac{2}{3}$ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 50. gr. laga þessara og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

63. gr.

Veiðifélög hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna veiðiréttareigenda.

IX. KAFLI

Um klak- og eldisstöðvar og fiskeldi.

64. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

65. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

66. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 64. og 65. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., og viðkomandi veiðieiganda eða veiðifélags, að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

67. gr.

Peir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum frá eldisstöðvum ríkisins. Óheimilt er að sleppa nýrri fisktegund í vatn, nema til komi leyfi veiðimálastjóra.

68. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, þar á meðal kvíaeldi eða hafbeit, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um lands- og vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum svo og kostnaðaráætlun. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni eða hafbeitarstöðinni sem síðan er staðfest af landbúnaðarráðherra, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 72. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

69. gr.

Skylt er að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær

eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

70. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal þá búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer þá um gerð stíflu samkvæmt 41. gr.

71. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

72. gr.

Friðunarákvæði þessara laga um gönguhelgi, veiðitíma, stærð fisks, veiðitæki og veiðiaðferðir taka ekki til veiða á eigin fiski í eldisstöðvum, hafbeitarstöðvum né í eldiskvíum.

73. gr.

Forráðendur eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvanna.

74. gr.

Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal þá bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

75. gr.

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

76. gr.

Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

X. KAFLI

Um fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit og innflutning á lifandi fiski og hrognum.

77. gr.

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til ráðuneytis er fisksjúkdómanefnd. Skal nefndin skipuð forstöðumanni Tilraunastöðvar háskólans að Keldum, veiðimálastjóra og yfirdýralækni. Nefndin kys formann úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

2. Fisksjúkdómanefnd skal stuðla að rannsóknum á sviði fisksjúkdóma og gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar varnar- og varúðaraðgerðir til að hamla gegn útbreiðslu fisksjúkdóma eða uppræta þá, sem og annað er lýtur að fisksjúkdómum.

78. gr.

Við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skal starfa sérfræðingur í fisksjúkdómum. Hann skal auk rannsóknarstarfa fylgjast svo sem kostur er með sjúkdómum í vatnafiski hér á landi og leiðbeina þeim, sem fiskrækt stunda, um fisksjúkdóma og varnir

gegn þeim. Hann skal enn fremur vera héraðsdýralæknum og eigendum klak- og eldisstöðva til ráðuneytis um nauðsynlegar sóttvarnaraðgerðir, eftir því sem við verður komið. Fisksjúkdómafræðingur skal vera ritari fisksjúkdómanefndar og veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar, eftir því sem óskað er.

79. gr.

1. Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfiska. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu til innflutnings á frjóvguðum hrognum slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því hverju sinni. Slíkum innflutningi skulu fylgja heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum, sem teljast fullnægjandi að dómi fisksjúkdómanefndar.

2. Innflutningsleyfi skal bundið skilyrðum um örugga einangrun, sóttþreinsun og aðrar varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru taldar til þess að tryggja svo sem kostur er, að smit berist ekki með innfluttum hrognum.

3. Nú er lifandi fiskur eða frjóvguð hrogn flutt milli landa með viðkomu á Íslandi, og er þá sá flutningur háður fyrirmælum fisksjúkdómanefndar að því er varðar varúðarráðstafanir vegna sjúkdóma.

80. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra eða önnur dýr sem lifa í ósöltu vatni. Þó er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá slíku banni til handa tilteknum aðilum til ákveðins tíma, enda hafi þeir aðstöðu til viðhlítandi einangrunar og til komi samþykki fisksjúkdómanefndar. Skal skýrt tekið fram, hvaða skilyrðum innflutningsleyfi er bundið, t. d. varðandi heilbrigðisvottorð, sóttkví, sóttþreinsun, heilbrigðiseftirlit og annað, sem máli skiptir.

81. gr.

1. Landbúnaðarráðherra skal fyrirskipa sóttþreinsun á veiðitækjum og veiðibúnaði og öðru, sem notað hefur verið við veiðar í ám og vötnum erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið. Fisksjúkdómanefnd segir fyrir um, með hvaða hætti sóttþreinsun skuli fara fram.

2. Víkja má frá kvöð um sóttþreinsun veiðitækja, sem notuð hafa verið erlendis, ef gild sóttþreinsunartvottorð sýna, að tækin hafi verið nýsótthreinsuð erlendis áður en þau voru flutt til landsins.

3. Innflutningur á dauðum vatnafiski, ferskum, frystum eða léttreyktum, sem og hrognum slíkra fiska er bannaður, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnu samþykki fisksjúkdómanefndar.

82. gr.

Nú kemur upp alvarlegur smitsjúkdómur í klak- og eldisstöð eða í veiðivatni eða greinilegt þykir, að alvarlegur næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, þá er ráðherra rétt, að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar, að gera hverjar þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins eða uppræta hann.

83. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðis- eftirlit með klakstöðvum og stöðvum þar sem fiskur er alinn í fersku vatni eða söltu, enn fremur um val stofnfiska, töku sýna, sóttþreinsun hroгна, sóttvarnaraðgerðir og takmörkun eða bann við sölu afurða. Heimilt er að kveðja héraðsdýralækni til eftirlits og sóttvarnarstarfa þegar henta þykir.

2. Nú virðir umráðamaður eða eigandi klak- og eldisstöðvar eigi þær varúðar- og sóttvarnarreglur, sem settar hafa verið, og skal hann þá sæta áminningu landbúnaðarráðherra, að fengnum rökstuddum tillögum fisksjúkdómanefndar. Ef um ítrekað eða mjög

alvarlegt brot er að ræða, er landbúnaðarráðherra rétt að banna rekstur eldis- og klakstöðvar um lengri eða skemmri tíma og fyrirskipa ráðstöfun á hrognum og fiski, samkvæmt tillögum fisksjúkdómanefndar.

84. gr.

1. Skytt er þeim, sem rekur klak- og eldisstöð, að veita eftirlitsmönnum greiðan aðgang að stöðinni, fóðurgeymslum og vatnsbóli, þegar þess er óskað, og veita ítarlegar upplýsingar um kaup og sölu á hrognum, fiski, fóðri og áhöldum, eftir því sem nauðsynlegt er til að upplýsa hugsanlega smitdreifingu.

2. Umráðamanni eða eiganda er skytt að veita nauðsynlega aðstoð án endurgjalds við töku sýna, sóttþreinsun hroгна og annað, sem nauðsynlegt er í sambandi við eftirlit og sóttvarnir. Kostnað vegna lögboðins eftirlits og sóttvarnaraðgerða skal greiða úr ríkissjóði, samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur. Kveða skal nánar á um einstök atriði þess kafla í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir.

XI. KAFLI

Um álaveiðar.

85. gr.

Ráðherra er rétt að setja reglur um álaveiðar, að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Í reglum þessum má mæla fyrir um gerð veiðitækja og veiðitíma, og skal þess gætt, að lax og silungur veiðist eigi í blóra við ál.

XII. KAFLI

Um ófriðun sels.

86. gr.

Rétt er að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

87. gr.

1. Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögu veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungi í ánni sé meiri en arður af selveiði.

2. Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er þá ráðherra rétt, eftir tillögum veiðimálastjóra, að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

88. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 87. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal þá hagsauki sá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver,

sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukist sem nemur arði af selveiði, og skulu þá bætur fyrir hana niður falla.

XIII. KAFLI

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

89. gr.

1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.
3. Ef ástæða þykir til, leitar ráðherra umsagnar landssamtaka hagsmunaaðila í veiðimálum.

90. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.
 - a. Hann er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að veiðimálum lýtur.
 - b. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskrækt, fiskeldi eða veiði.
 - c. Hann hefur tiltæka eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.
2. Veiðimálastjóri er forstöðumaður Veiðimálastofnunarinnar. Hlutverk hennar er sem hér segir:
 - a. Hún annast þau verkefni, sem veiðimálastjóra eru falin í lögum þessum og ekki eru talin upp í 1. mgr.
 - b. Hún annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.
 - c. Hún annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkingar með skilyrðum sem hún setur.
 - d. Hún safnar skýrslum um veiði, fiskrækt og fiskeldi.
 - e. Hún veitir leiðbeiningar um veiðimál.
 - f. Hún starfrækir leiðbeininga- og rannsóknadeildir úti á landi.

91. gr.

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til 4 ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar þá ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.
2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni eru falin í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.
3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrjú menn eru á fundi.
4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmat.

92. gr.

1. Landinu öllu skal skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi með reglugerð, sem ráðherra setur, og ná þau til ytri marka netlaga í sjó. Ráðherra skipar eftirlitsmann í hvert þeirra, fyrir veiðitímabil hverju sinni, að fengnum tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmum þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað. Við framkvæmd starfa síns skulu veiðieftirlitsmenn gæta þess eftir fongum að valda ekki ónæði í æðarvarpi og arðgæfum selalátrum og selalögnum.

5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur þá eftirlitsmaður krafist þess, að sá, sem hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhusi eða frystihúsi, og er þá eftirlitsmanni heimilt að fengnum úrskurði dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörslu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

93. gr.

1. Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það ásamt aksturskostnaði eftirlitsmanna að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Rétt er sýslunefnd að kveða svo á, að veiðieigendur endurgreiði sýslusjóði hluta hans í samræmi við gildandi arðskrá eða tekjur af veiði, og má taka þær greiðslur lögtaki.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

XIV. KAFLI

94. gr.

Um Fiskræktarsjóð og lán- og styrkveitingar til fiskræktar.

1. Starfrækja skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Stofnfé Fiskræktarsjóðs er:

- a. Stofnframlag ríkissjóðs, 40 millj. kr., sem greiðist á fjórum árum, 10 millj. kr. á ári.
- b. Annað fé, sem sjóðnum kann að vera lagt til.

2. Tekjur sjóðsins eru:

- a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
- b. Gjald af veiðitekjum, er skattstofur reikni út og innheimtist af innheimtakerfi ríkisins. Skal gjaldið vera 2% af veiðileigutekjum og 1% af veiðitekjum.
- c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins eftir ákvörðun ráðherra.
- d. Gjald af fiskeldisstöðvum og hafbeitarstöðvum, 0,5% af óskírum tekjum.
- e. 5% af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu.
- f. Fiskræktarfé úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, eftir ákvörðun ráðherra.
- g. Aðrar tekjur.

3. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki landbúnaðarráðherra. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Nú greinir veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á, og sker þá ráðherra úr.

95. gr.

1. Lán og styrki má veita úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt og fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda og hafi eftirlit með þeim. Stofnfé sjóðsins má ekki nota til styrkveitinga.

2. Heimilt er að veita styrki, er nemi allt að $\frac{1}{3}$ hluta af áætluðum kostnaði, til eftirtalinna framkvæmda:

- a. Fiskvega og annarra meiri háttar mannvirkja, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
- b. Klakhúsa, eldisstöðva og hafbeitarstöðva.
- c. Ræktunar fisks á ófiskgengum og fisklitlum svæðum.

XV. KAFLI

Um matsgerðir og skaðabætur.

96. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlínu eða önnur slík efni, sem getur í lögum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðgast skal hann við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkjavatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari kveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 4 ára í senn, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaðurinn af því til matskostnaðar.

97. gr.

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana að miklu eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrir muna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður viðhafði, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, skv. 97. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast úr ríkissjóði.

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna þess, að veiðifélag notfærði sér heimild 62. gr. um aukna friðun, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón bíður, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

98. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfars.

99. gr.

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:
 - a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
 - b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
 - c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
 - d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
 - e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
 - f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
 - g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
 - h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
 - i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
 - j. Hann hlítir eigi settum reglum um heilbrigðiseftirlit, um flutning á lifandi fiski og hrognum og fisksjúkdómavarnir.
 - k. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.
2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru. Sektarfjárhæð breytist til samræmis við verðþróun.

100. gr.

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 99. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

101. gr.

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal þá sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

102. gr.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 101. gr.

103. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

104. gr.

Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæslunni löggæslu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið. Við framkvæmd starfa síns skal Landhelgisgæslan kappkosta að valda ekki ónæði í æðarvarpi og arðgæfum selalátrum.

105. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og önnur ákvæði laga sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 11/4 1979, skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrímur Hermannsson, 7 manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Í nefndina voru skipaðir:

Páll Pétursson, alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar,

Árni Gunnarsson, alþingismaður,

Eyjólfur Konráð Jónsson, alþingismaður,

Stefán Jónsson, alþingismaður,

Þorsteinn Þorsteinsson, bóndi,

Árni Jónasson, erindreki og

Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri.

Í erindisbréfi nefndarinnar segir svo: „Nefndinni er m. a. ætlað að gera tillögur um fyrirkomulag veiðieftirlits og löggæslu, sjái hún ástæðu til breytinga frá því, sem nú er, að gera tillögur um rannsóknarstarfsemi og sjúkdómavarnir í þágu fiskræktar og fiskeldis, enn fremur að leita leiða til aukinnar tekjuöflunar til Fiskræktarsjóðs, þannig að fyrirgreiðsla úr sjóðnum á lánum og styrkjum yrði meiri en nú er til eflingar fiskrækt í landinu.

Þá er þess jafnframt vænst, að nefndin geri tillögur um önnur þau mál, sem til bóta horfa, um veiði vatnafiska og fiskræktarmál, samanborið við núgildandi ákvæði laga.“

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 19. des. 1979. Rætt var um verkefni nefndarinnar og starfshætti. Það var samröma álit nefndarmanna, að gildandi lög um lax- og silungsveiði (nr. 76/1970) hafi reynst vel á flestum sviðum, þótt endurskoðunar sé orðin þörf á sumum þáttum þeirra vegna breyttra viðhorfa síðan þau voru sett. Má þar til dæmis nefna ákvæði um veiði vatnafiska í sjó, veiðieftirlit, fiskeldis- og fiskræktarmál, sjúkdómavarnir og skipulag Fiskræktarsjóðs.

Að þessu athuguðu þótti ástæðulaust að endursemja lagabálginn frá grunni, en yfirfara heldur gildandi lög og láta þau ákvæði, sem enn eru í samræmi við kröfur tímans, halda sér, en færa til betri vegar þá þætti laganna, sem úrelst hafa.

Lagafrumvarp þetta er því að stofni til byggt á gildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, sem aftur eru sniðin eftir lögum um sama efni frá árinu 1957. Þannig halda skýringar og greinargerðir þær, sem fylgdu fyrri lagafrumvörpum, enn þá gildi sínu, að svo miklu leyti sem ekki hafa verið gerðar efnisbreytingar á ákvæðunum. Má í þessu tilliti sérstaklega benda á kafla um fastar veiðivélar og notkun þeirra í athugasemdum við lagafrumvarp það, sem lagt var fram á Alþingi árið 1955 (samþ. 1957). Þar eru ágætir skilgreiningar og teikningar af flestum gerðum fastra veiðivéla, sem um er fjallað í frumvarpi þessu. Einnig skal bent á skýringarmyndir af friðunarsvæðum við ósa og fiskvegi síðar í þeim athugasemdum, sjá fylgiskjöl með greinargerð.

Nefndin hefur haldið 30 fundi og leitað álits ýmissa aðila, sem tengjast veiðimálum. Einnig hafa nefndarmenn kynnt sér löggjöf um hliðstæð efni á Norðurlöndum og Bretlandseyjum.

7. okt. 1980 skipaði landbúnaðarráðherra Ólaf Þórhallsson, bónda Syðri-Ánastöðum, V.-Húnavatnssýslu, sem 8. nefndarmanninn, og hefur hann starfað í nefndinni frá þeim tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Heiti laganna.

Í frumvarpi þessu er heiti laganna breytt úr „Lög um lax- og silungsveiði“ í „Lög um ræktun, eldi og veiði vatnafiska“. — Þetta er gert vegna þess, hve fiskrækt og fiskeldi eru orðin snar þáttur veiðimála, og þótti ástæða til að þeirra sæi nokkur merki í heiti laganna.

I. kafli.

Orðaskýringar.

1. gr. 11 orðum er bætt við orðskýringalistann í frumvarpinu frá gildandi lögum. Þau eru: Arðskrá, dorg, gildra, gönguseiði, hafbeit, hafbeitarstöð, kvíaeldi, netlög í sjó, sjógönguseiði, strandtjarnaeldi og vatnafiskur. Auk þess eru gerðar smávægilegar breytingar á skýringum við eftirtalin orð:

- a. Á. — Þar kemur orðalagið „ós í sjó“ í stað orðsins „ósasvæði“.
- b. Fiskeldi. Við fyrri skýringu bætist: „hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni“. Þetta er gert til þess, að skýrt sé að sjávareldi vatnafiska heyri undir lög þessi.
- c. Við skýringu orðsins „fiskur“ bætist: „áll (*Anguilla anguilla*)“. Einnig er latínunafni regnbogasilungs breytt úr (*S. irideus*) í (*S. gairdneri*), þar sem það heiti hefur nú að mestu leyti þokað hinu til hliðar. Einnig breytist niðurlag skýringarinnar lítillaga.

II. KAFLI

Um veiðirétt.

2. gr. 1. tölul. Í frumvarpinu er orðunum „og í sjó í netlögum“ bætt inn í fyrstu málsgrein, þannig að fram kemur að veiðiréttur innan netlaga í sjó er hliðstæður veiðirétti í fersku vatni. Breytingu þessari er ætlað að skýra sem best réttarstöðu sjávarveiðinnar.

4. tölul. Hér er hámarkstími sá, sem skilja má stangarveiðirétt frá landi, lækkaður úr 10 í 8 ár. Þetta er gert vegna þess, að reynsla undanfarinna ára sýnir að viðhorf og forsendur samninga breytast nú svo ört að langir samningar gefast oft miður.

3. gr. Ákvæði um innlausn veiðiréttar þess, sem skilinn hefur verið frá landi, eru gerð einfaldari og ótvíræðari en áður var með því að stytta greinina.

4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

III. KAFLI

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr. Óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að nú er fiskeldis- og hafbeitarstöðvum skylt að gefa veiðimálastjóra þær skýrslur, sem hann óskar, um atriði, sem skrásetja þarf. Eðlilegt virðist að fyrirtæki þessi sitji þarna við sama borð og veiðiréttar-eigendur.

11., 12. og 13. gr. eru efnislega óbreyttar frá gildandi lögum.

IV. KAFLI

Um friðun lax og göngusilungs.

14. gr. 1. tölul. Hér er það nýmæli, að tekið er fram að ekki megi veiða silung í sjó utan netlaga. Þetta er að nokkru gert í friðunarskyni, en ekki síður til að undirstrika að silungur er ferskvatnsfiskur og veiði hans óheimil nema þar sem veiðiréttur samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er í gildi.

3. tölul. Frumvarpið gerir ráð fyrir að felldur verði niður réttur þeirra 6 jarða á landinu, er heimild hafa til laxveiða í sjó. Bæði er, að annað þykir ekki samrýmast aukinni áherslu á bann við sjávarveiðum á laxi, og eins hitt, að með vaxandi hafbeit á laxi geta skapast alvarlegir hagsmunaárekstrar þar á milli. Rétt sýnist að fyrirbyggja slíkt eftir föngum. Óhjákvæmilegt er að bæta jörðum þessum hlunnindamissinn. Sanngjarnt virðist að þau veiðifélög, veiðieigendur, fiskræktar- og eldisstöðvar, sem helst njóta góðs af friðun þessari,

greiði bætunnar að hluta. Á hitt ber einnig að líta, að bann þetta er sett án óska frá framantöldum aðilum gegn mótmælum veiðiréttareigenda, og líta verður á það sem meginreglu, að þegar lagasetning veður bótaskyldu, þá sé það löggjafans að greiða bætunnar. Enn fremur er bann þetta að hluta til sett í því skyni að bæta rekstrargrundvöll hafbeitar í landinu, og mun veiðieigendum þykja ósanngjarnt, að þeir séu skattlagðir sérstaklega í þeim tilgangi. Í þriðja lagi hagar sumsstaðar þannig til, að mjög erfitt er að meta hverjir njóta muni góðs af netaupptöku þessari, og má búast við ágreiningi um það.

Að öllu þessu athuguðu þótti réttast að skipta bótagreiðslum jafnt milli ríkissjóðs og þeirra veiðifélaga, veiðieigenda, fiskræktar- og eldisstöðva, sem að dómi matsmanna njóta góðs af friðun þessari, í þeim hlutföllum, sem matsmenn ákveða.

Til þess að svipta ekki jarðir þessar hlunnindegjum til fulls þótti rétt að gefa bótaþegum kost á að fá þann hluta bóta, sem á hagsmunaaðila fellur, sem árlegar verðtryggðar greiðslur, er fylgi landeign á sama hátt og veiðiréttur, helst sem hlutur í arðskrá viðkomandi veiðifélags.

Eðlilegt þykir að hægt sé að krefjast endurmats á greiðsluhlutföllum bóta ef forsendur skiptingarinnar raskast.

6. tölul. Við þennan tölulíð er bætt ákvæði um bótaskyldu.

15. gr. 1. tölul. Nýmæli er að bann er lagt við að nota lóðir til silungsveiða í sjó. Það veiðarfæri hefur reynst mjög fengsælt við úthafsveiðar á laxi og gæti svo einnig reynst þótt nær ströndu sé. Rétt þykir að fyrirbyggja þá hættu. Ekki er vitað til að silungur hafi verið veiddur á lóð við strendur landsins hingað til, og ætti því ekki nein bótaskylda að fylgja ákvæði þessu.

2. tölul. Hér er bætt í frumvarpið ákvæði þess efnis, að friðun fyrir laganetaveiðum og ádrætti í sjó við ósa straumvatna sé því aðeins gild að fiskur gangi í það vatn. Tilgangur þessa er sá að auðvelda sjávarveiðibændum nýtingu hlunninda sinna á stöðum, þar sem ekki er hætta á að slík veiði hindri fiskgöngur í veiðiár.

Annað innskot kveður á um að hlutaðeigandi veiðifélag fari með umráð stangarveiðiréttar í sjó innan friðunarsvæða við árósa. Skortur á ákvæðum um þetta atriði hefur valdið ágreiningi og erfiðleikum, sem torvelt virðist að leysa á annan veg en þennan.

Við greinina er bætt heimildarákvæði til ráðherra að leyfa sel- og hrognkelsaveiði innan friðunarsvæða þessara. Tilgangur heimildarákvæðisins er að auðvelda sjávarveiðibændum nýtingu þessara hlunninda.

Að lokum er svo bætt við greinina ákvæði, er tekur fram, skýrar en áður, að þeir aðilar, sem veiðirétt eiga á friðunarsvæðum þessum, skuli jafnan eiga rétt á aðild að viðkomandi veiðifélagi.

16. og 17. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

18. gr. Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að í hana er bætt heimildarákvæði til ráðherra að leyfa dorgveiði á göngusilungi á árlegum friðunartíma, auk stangar- og netjaveiði.

19. gr. Inn í 1. tölul. greinarinnar er bætt ákvæði, er heimilar styttingu vikufriðunar í netlögum í sjó í allt að 48 stundir á viku hverri. Ákvæði þetta er hugsað sem úrbót fyrir þau svæði, þar sem ætla verður að slæmt sjólag við ströndina hindri oftlega netjaveiði og valdi því minni sókn þar en á skýlli slóðum. Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að leitað hafi verið á lits veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags um sjávarveiði. Heimildir sem þessar veitast þannig því aðeins að slíkt félag starfi á svæðinu.

20. gr. Inn í 1. tölul. greinarinnar er skotið heimildarákvæði til ráðherra, að friða megi einstakar lagnir eða svæði innan netlaga í sjó, ef brögð eru að því, að lax veiðist þar í veiðarfæri ætluð öðrum fiski.

Eigendur laxveiðihlunninda óttast sumir nverjir, að lax á leið í ár þeirra sé veiddur í silunganet í sjó. Með bættu veiðieftirliti ætti að vera unnt að skera úr um hvort brögð séu að slíku. Reynist svo vera virðist eðlilegt að heimila tímabundna lokun slíkra lagna eða svæða, enda sé eigendum sjávarveidarinnar jafnframt bætt tjón vegna missis löglegra silungsveiða í þeim lögnum eða á þeim svæðum, sem bannið nær til, á meðan það stendur.

21. og 22. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

23. gr. Þessi grein kveður á um bann við viðskiptum með lax utan löglegs árlegs veiðitíma og undanþágur frá því banni. Felld er niður heimild til viðskipta með fisk veiddan erlendis, þar sem innflutningur á honum er bannaður annars staðar í frumvarpi þessu (81. gr.). Rýmkuð er heimild til viðskipta með unninn lax og göngusilung, þar sem búast má við aukinni fjölbreytni á því sviði á komandi árum.

V. KAFLI

Um friðun vatnasilungs.

24. gr. 1. tölul. Þessarar greinar frumvarpsins er gjörbreyttur frá gildandi lögum. Í stað þess, að nú er í gildi þriggja mánaða árlegur friðunartími í vatni hverju, er í frumvarpinu sett sú aðalregla, að veiði vatnasilungs sé heimil árið um kring. Þannig er gert ráð fyrir að friðun sé því aðeins beitt að sérstök ástæða þyki til og þá í samráði við hlutaðeigandi veiðifélag.

Ástæðan fyrir breytingu þessari er sú, að nú hallast fiskifræðingar okkar að því, að flest silungsvötn okkar séu ofsetin og því aðeins til skaða að lögbinda árlegan friðunartíma, þótt heimildir verði að vera til slíks þar sem þurfa þykir.

25. gr. 2. tölul. greinarinnar í gildandi lögum er felldur niður úr frumvarpinu, þar sem hann lýtur að friðun þeirri sem brott á að fella (24. gr.).

Í 2. tölul. er því bætt, að leita skuli samþykkis eiturefnanefndar. Er það í samræmi við önnur gildandi lög.

26. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

VI. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr. 5. tölul. gildandi laga er vikið aðeins við og skipt í tvo töluliði. Sá fyrri þeirra (5. tölul.) kveður á um að ekki megi fjölga lögnum frá því, sem var árið 1957, en þá tóku núgildandi reglur gildi og hefur ekki verið heimilt að fjölga lögnum síðan. Einfaldara þótti að miða við ákveðið ártal, fremur en að nefna svo og svo mörg ár fyrir gildistöku laganna.

Í 6. tölul. frumvarpsins, sem svarar til síðari hluta 5. tölul. í gildandi lögum, er það nýmæli, að leyfi ráðherra þurfi, ásamt tillögum veiðimálastjóra, til að breyta um veiðiaðferðir og taka upp veiði með föstum veiðivélum.

6. tölul. þessarar greinar í gildandi lögum verður 7. tölul. í frumvarpinu, en óbreyttur að öðru leyti.

28. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

29. gr. frumvarpsins er að ýmsu aukin frá gildandi lögum. Við 1. tölul. greinarinnar bætist ákvæði um að aldrei megi „net eða aðrar veiðivélar vera þannig gerðar, að hætta sé á að þær taki fisk, sem er á niðurleið í átt til sjávar“. Ákvæði sama efnis er í gildandi lögum (31. gr., 2. tölul.), en tæpast eins skýrt og skyldi. Hér er leitast við að orða þetta svo að óbyggjandi geti talist. Orðalagið „fisk, sem er á niðurleið í átt til sjávar“ er tekið fram yfir „fisk, sem forstreymis gengur“ vegna þess að á ósasvæðum áнна breytist straumstefna oft eftir sjávarföllum, og hefur sú staðreynd sumsstaðar valdið erfiðleikum við túlkun gildandi laga.

4. tölul. greinarinnar er nýmæli. Því ákvæði er ætlað að draga úr hættu á að lax og göngusilungur veiðist í net lögð til veiða á vatnasilungi, „enda sé lax þar friðaður fyrir netaveiði“.

5. tölul. greinarinnar er einnig nýr. Hann geymir fyrirmæli um lagnet innan netlaga í sjó. Þar er mælt svo fyrir að net skuli landföst, og er það í samræmi við netalagnir í straumvötnum. Einnig eru ákvæði um hámarksmöskvastærð slíkra neta. Ákvæðum þessum er ætlað að draga úr hættu á að lax veiðist í silunganet þessi.

6. tölul. er óbreyttur frá 4. tölul. greinarinnar í gildandi lögum.

30. gr. Við 1. tölul. greinar þessarar í gildandi lögum er bætt heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um gerð veiðitækja með reglugerð, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að kveða skýrar á um hvaða veiðarfæri og/eða agn séu lögleg. Slíkt er þó ýmsum tæknilegum erfiðleikum bundið, og þótti þjálfa að hafa heimild til setningar reglugerðar um þetta efni, fremur en að binda skilgreininguna í lög.

Við 3. tölul. er bætt tilvísun í 35. gr. frumvarpsins, en málsgreinin að öðru leyti óbreytt.

31. gr. 1. tölul. er óbreyttur frá gildandi lögum, en 2. tölul. er endursaminn án þess þó að efni hans breytist. Um ástæður til orðalagsbreytingar þessarar vísast til skýringa við 1. tölul. 29. gr., en þar er um samhljóða orðalag að ræða.

32. gr. er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að bætt er við einum tölulið (nr. 4), sem kveður á um lágmarksbil milli spela í kistum og gördum. Samhljóða ákvæði er að finna í 2. tölul. 34. gr. gildandi laga, en nefndarmönnum þótti það eiga betur heima í þessari grein.

4. tölul. greinarinnar í gildandi lögum verður að 5. tölulið í frumvarpinu.

33. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

34. gr. Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að 2. tölul. fellur brott, þar sem efni hans er áður fram komið annars staðar í frumvarpinu (í 29. og 31. gr.). Einnig bætist við ákvæði um gildruveiði.

Númer síðari töluliða greinarinnar breytist vegna brottfalls 2. töluliðar.

35. gr. Í 1. tölul. greinarinnar bætist ákvæði um að sömu reglur gildi um bil milli silungsneta í sjó og fastra veiðivéla í straumvatni. Þetta er í samræmi við 4. tölul. 14. gr. frumvarpsins. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

36. og 37. gr. frumvarpsins eru óbreyttar frá gildandi lögum.

38. gr. frumvarpsins er að nokkru aukin frá gildandi lögum. Í upptalningu leyfilegra veiðitækja í 1. tölul. bætist „gildra“, sem nú er orðið viðurkennt tæki til silungsveiða.

Í 2. tölul. bætist að meðmæli viðkomandi veiðifélags þarf til að heimila megi ádrátt í almenningi stöðuvatns. Eðlilegt sýnist að slíkt leyfi þurfi þar til að koma.

Í 4. tölul. bætist bann við gildruveiðum í stöðuvötnum, sem lax og göngusilungur fer um, enn fremur heimildarákvæði fyrir ráðherra til að undanþiggja ákveðna hluta stöðuvatns veiðitakmörkunum, sem stafa af umferð lax og göngusilungs um aðra hluta vatnsins. Til þessa þarf þó tillögur frá veiðimálastjóra og samþykki veiðimálanefndar. Ákvæði þetta er sett til að auðvelda nýtingu staðbundins vatnasilungs, þar sem slíku verður við komið án verulegrar hættu á að lax eða göngusilungur ánetjist. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

VII. KAFLI

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

39. gr. Við 1. tölul. þessarar greinar er aukið ákvæði um að ef tilkoma fiskvegar eða friðunaraðgerðir tengdar honum rýra veiðihlut einstakra jarða, þá skuli það bætt með hlut í arðskrá viðkomandi veiðifélags. Yfirleitt hefur þessari reglu verið fylgt við arðskrárgerðir, en tryggara þykir þó að kveða skýrt á um þetta atriði. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

40. og 41. gr. eru óbreyttar frá gildandi lögum.

42. gr. Eðlilegt þykir að viðkomandi veiðifélag geti milliliðalaust krafist nauðsynlegs búnaðar við vatnsúttak úr veiðivatni til að hindra göngur fisks og/eða seiða um vatnsúttakið. Því var ákvæði þess efnis bætt í greinina.

43. gr. er óbreytt frá gildandi lögum.

44. gr. Þessi grein er nýmæli, en þótti nauðsynleg vegna síaukinnar mannvirkjagerðar í og við veiðivötn. Efnislega þarf greinin ekki skýringa við.

VIII. KAFLI

Um veiðifélög.

45. gr. Greinin er að mestu samhljóða 44. gr. gildandi laga, en inn í skilgreiningu á því, hvað teljist fiskrækt, er aukið orðunum „fækkun sels og annars veiðivargs“. Talið er eðlilegt að flokka slíkar aðgerðir með fiskrækt.

46. gr. svarar til 45. gr. gildandi laga. E-liður 1. tölul. er þó nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að stofnuð verði veiðifélög um strandsvæði með veiðihlunnindum silungs í sjó. Þetta er gert til þess að freista þess að koma fastara skipulagi á veiðar þessar en nú er.

47. og 48. gr. eru samhljóða 46. og 47. gr. gildandi laga.

49. gr. er efnislega samhljóða 48. gr. gildandi laga, en breytt er tilvísun í 1. tölulið.

I 2. og 3. tölul. er notað orðalagið „sem metið er til verðs í fasteignamati 1970“ í stað orðanna „sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati við gildistöku laga þessara“, eins og stendur í gildandi lögum. Með þessu lagi raskast ekki atkvæðaleg uppbygging veiðifélaganna þótt frumvarp þetta verði að lögum, þótt ljóst sé að nauðsynlegt kunni að verða að breyta þessu ákvæði síðar.

50. gr. frumvarpsins er að mestu samhljóða 49. gr. gildandi laga. Í 1. tölul. er þó orðið „bréflega“ notað í stað orðsins „skriflega“ sem stendur í gildandi lögum. Nefndarmenn telja nýja orðalagið skýrara en hið eldra.

Einnig er bætt við nýjum tölulið (nr. 5) er heimilar veiðifélögum að stofna svæðisbundin samtök, enda fordæmi fyrir slíku.

51. gr. fjallar um gerð arðskrár. Hún er að mestu samhljóða 50. gr. gildandi laga, en þó er aukið við efni hennar þrem atriðum.

Í 1. tölul. er orðinu „landeign“ bætt inn í upptalningu þeirra þátta, sem arður getur fylgt. Ljóst er að arður getur fylgt landi þótt hvorki sé jörð né jarðarhluti, og þótti því rétt að gera ráð fyrir slíku í upptalningunni.

Einnig er bætt við þennan tölul. ákvæði um að líta beri á lífríki vatnasvæðis sem eina heild og taka tillit til allra þeirra fiskistofna, sem þar eru.

Við 2. tölul. bætist heimild til að skjóta arðskrármati beint til yfirmatsnefndar, enda séu aðilar ásáttir um það. Þetta er gert til að opna möguleika á að nýta fjármagn og tíma sem best þegar sýnt þykir fyrir fram að undirmati verði ekki unað af öllum félagsmönnum.

52. gr. Hún svarar til 51. gr. gildandi laga, en er þó ýtarlegri, þar sem hér er skýrt fram tekið að arðskrá sé einnig gjaldskrá.

53. og 54. gr. eru óbreyttar frá 52. og 53. gr. gildandi laga.

55. gr. svarar til 54. gr. gildandi laga, en þó er um veigamikla viðbót að ræða, þar sem segir fyrir um heimildir veiðifélaga til fiskræktar utan síns félagssvæðis, en þó á sama vatnasvæði. Fiskifræðingar telja nú að mjög vænlegt sé til árangurs að sleppa sumaröldum seiðum í veiðiár ofan ófiskgengra fossa eða í stöðuvatn og nýta þau svæði þannig til seiðauppeldis. Hingað til hefur skort reglur um hver væri réttur veiðifélaga til slíks og hver réttur landeigenda.

Nefndarmenn töldu rétt að heimila veiðifélögum nýtingu svæða þessara, en annaðhvort yrði að greiða landeigendum fyrir aðstöðuna eða veita þeim inngöngu í veiðifélagið og hlut í arðskrá. Sé sú leið valin að greiða landeigendum fé fyrir aðstöðuna virðist eðlilegt að þeir eigi rétt til inngöngu í viðkomandi veiðifélag, ef ræktun af þessu tagi stendur lengi og reynist skila árangri.

56. gr. er samhljóða 55. gr. gildandi laga.

57. gr. svarar til 56. gr. gildandi laga, en gerðar eru tvær smávægilegar breytingar. Í 2. tölul. er hámarksfjöldi félagsmanna í þeim félögum, sem boða mega fundi — með símtölum o. s. frv. — hækkaður úr 30 í 40. Í 4. tölul. kemur orðið „bréflaga“ í stað orðsins „skriflega“ — en nefndarmenn telja þetta orðalag nákvæmara (sbr. athugasemdir við 50. gr.).

58. gr. er óbreytt frá 57. gr. gildandi laga, nema hvað 2. tölul. þeirrar greinar er felldur niður, þar sem ákvæðið er talið bæði ónaúðsynlegt og erfitt í framkvæmd.

59. gr. Í grein þessari er saman komið efni 58. gr. gildandi laga ásamt nýjum ákvæðum um gildru- eða kistuveiðar á öllum þeim fiski er í ákveðið veiðivatn gengur. Áætlanir eru nú uppi um hafbeit, með seiðasleppingum í ár eða stöðuvötn, þar sem fiskur er ekki fyrir. Því sýnist nauðsynlegt að heimild sem þessi sé fyrir hendi, en rétt virðist að setja ströng skilyrði um samþykki allra aðila, sem veiðirétt eiga á viðkomandi vatnasvæði. Efnislega þarf greinin tæpast skýringa við.

60., 61. og 62. gr. eru samhljóða 59., 60. og 61. gr. gildandi laga.

63. gr. er ný og fjallar um Landssamband veiðifélaga. Þótt aðild að samtökunum sé frjáls og engin fyrirmæli um starfshætti þess í frumvarpinu, eru samtökin orðin það snar þáttur í skipulagi veiðimála hérlandis, að eðlilegt þótti að geta þeirra í sérstakri grein.

IX. KAFLI

Um fiskeldi og klak- og eldisstöðvar.

Orðaröð í heiti þessa kafla hefur verið breytt og orðið „ríkisins“ felld niður.

64. og 65. gr., áður 62. og 63. gr. gildandi laga, eru óbreyttar.

66. gr. er samhljóða 64. gr. gildandi laga, nema hvað bætt hefur verið inn í hana ákvæði um að klak- og eldisstöðvar ríkisins þurfi að fá leyfi „viðkomandi veiðieiganda eða veiðifélags“ auk leyfis ráðherra til klaköflunar.

67. gr. svarar til 65. gr. gildandi laga. Rétt þótti að binda forgöngu til seiðakaupa, sem greinin fjallar um, við eldisstöðvar ríkisins og enn fremur að veiðimálastjóri gefi samþykki fyrir fiskteguninni, sem sleppa á, til þess að forða frá að sleppt sé í veiðivatn fisktegun sem ekki hentar þar.

68. gr. svarar til 66. gr. í gildandi lögum. Síðan laxveiðilögin tóku gildi 1970 hafa verið tekin upp nýmæli hvað snertir að sleppa sjógönguseiðum af laxi í stöðvar þar sem náttúruleg uppeldisskilyrði eru ekki fyrir hendi, þ. e. í hafbeitarstöðvar, og að ala lax upp í kvíum (netbúrum) í sjó. Þótti því eðlilegt að bæta inn í greinina kvíaeldi og hafbeit, þar sem sams konar undanþágur frá friðunarákvæðum laga verða að gilda. Enn fremur er bætt inn í greinina að skila þurfi ásamt öðrum skilríkjum bréfi um landsafnot og áætlun um kostnað við mannvirkjagerð til þess að fá viðurkenningu á eldisstöðvum og hafbeitarstöðvum. Þá er og bætt inn ákvæði um að landbúnaðarráðherra skuli staðfesta viðurkenningu veiðimálastjóra á slíkum stöðvum.

69., 70. og 71. gr. eru samhljóða 67., 68. og 69. gr. gildandi laga.

72. gr. svarar til 70. gr. gildandi laga. Grein þessari er ætlað að veita athafnafrelsi við veiði innan viðurkenndra eldisstöðva, hafbeitarstöðva og kvíaeldis, og er því nauðsynlegt að veita undanþágur frá friðunarákvæðum laganna. Í 70. gr. gildandi laga er tekið fram um undanþágur frá nokkrum lagagreinum, en við nánari athugun kom í ljós, að bæta hefði þurft

fleirum við. Var því horfið að því ráði, að í stað langrar upptalningar á lagagreinum var tekið til um undanþágur frá friðunarákvæðum almennt. Bætt var inn í greinina, að sams konar undanþágur gildi fyrir hafbeitarstöðvar og kvíaelði og fyrir eldisstöðvar.

73., 74., 75. og 76. gr. eru samhljóða 71., 72., 73. og 74. gr. gildandi laga.

X. KAFLI.

Um fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit og innflutning á lifandi fiski og hrognum.

Heiti þessa kafla hefur verið breytt með því að skeyta framan við það orðunum „um fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit“. Gefur það þannig betri hugmynd um efni kaflans.

77. gr. svarar til 1. mgr. 75. gr. gildandi laga. Efni greinarinnar hefur verið breytt þannig, að í stað þess, að ákveðið sé í lögum að yfirdýralæknir skuli vera formaður fisksjúkdómanefndar, kjósi nefndin sér formann til fjögurra ára í senn. Orðalagi greinarinnar hefur auk þess verið breytt lítils háttar. 2. mgr. 75. gr. gildandi laga er felld niður, enda hefur fisksjúkdómafræðingur þegar verið skipaður.

78. gr. er ný grein, þar sem tekið er fram nákvæmar en gert er í 75. gr. gildandi laga um starfssvið fisksjúkdómafræðings.

79. gr. svarar til 76. gr. gildandi laga. Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt. Kveðið er ítarlegar á um varúðarráðstafanir um innflutning hrogna heldur en er í gildandi lögum. Þá hefur efni 2. mgr. 78. gr. gildandi laga verið skeytt aftan við greinina.

80. gr. svarar til 77. gr. og 1. mgr. 78. gr. gildandi laga. Í greininni er nýmæli um að innflutningsbann skuli ná til dýra, sem lifa í ósöltu vatni, auk lifandi skrautfiska og hrogna þeirra, en af innflutningi slíkra dýra getur leitt smithættu. Að öðru leyti er greinin efnislega lík nefndum greinum, en orðalagi hefur verið breytt og gert almennara og að sumu leyti víðtækara, þannig að setja megi fleiri skilyrði en áður fyrir undanþágu um innflutning á skrautfiskum og þá jafnframt fyrir innflutning á öðrum dýrum, sem lifa í ósöltu vatni.

81. gr. svarar til 79. gr. gildandi laga, en orðalagi á greininni hefur verið breytt og er það fyllra en er í lögum nú. Sú breyting er gerð í upphafi greinarinnar, að landbúnaðarráðherra fyrirskipi sóttthreinsun eftir tillögum fisksjúkdómanefndar, í stað þess að nefndin geri það. Er þessi breyting gerð til samræmingar við ákvæði annarra greina þessa kafla. Þá er kveðið ákvæðnar en áður á um bann við innflutningi á vatnafiskum.

82. gr. svarar til 80. gr. gildandi laga. Efnislega er greinin eins og 80. gr., nema hvað þar er kveðið ítarlegar á.

83. gr. svarar að nokkru til 81. gr. gildandi laga. Inn í greinina er bætt nýjum ákvæðum, sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að vantaði í lög eða að nauðsynlegt er að hafa ákvæði um í lögum skv. reynslu erlendis. Þessi ákvæði varða reglur um heilbrigðiseftirlit með klaki og fiskeldi í fersku vatni og söltu, um val á stofnfiski og um takmörkun eða bann við sölu afurða. Þá er gert ráð fyrir heimild til að kveðja til héraðsdýralækni til eftirlits- og sóttvarnastarfa. Að lokum eru ákvæði um viðurlög við brotum á varúðar- og sóttvarnarreglum.

84. gr. er efnislega ný nema niðurlagssetningin, sem er sú sama að efni til og niðurlagsorð í 81. gr. gildandi laga. Greinin fjallar að öðru leyti um umgengnisrétt eftirlitsmanna í klak- og eldisstöðvum, um aðstoð þeirra við sýnatöku, sóttthreinsun hrogna og annað. Gert er ráð fyrir að kostnaður við lögboðið eftirlit og sóttvarnaraðgerðir verði greiddur úr ríkissjóði.

XI. kafli, „Um álaveiðar“ — og XII. kafli, „um ófriðun sels“ — eru óbreyttir frá gildandi lögum, nema hvað öll greinanúmer hækka um þrjá.

XIII. KAFLI

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

89. gr. Hún svarar til 86. gr. gildandi laga, en er lítillega breytt og aukin. Í 1. tölul. er notaður titillinn „landbúnaðarráðherra“ í stað „ráðherra“ í gildandi lögum. Þykir þetta orðalag skýrara. Bætt er við greinina 3. tölul., þar sem kveðið er á um að ráðherra leiti umsagnar hagsmunaaðila í veiðimálum þegar ástæða þyki til.

90. gr. fjallar um verkefni og starfssvið veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunarinnar. Hún svarar til 87. gr. gildandi laga. Efnisskipan er nokkuð breytt, og fjallar 2. tölul. um hlutverk Veiðimálastofnunarinnar, sem er nýmæli. Umsvif hennar eru orðin það mikil, að rétt þótti að geta hennar sérstaklega og greina að nokkru á milli verkefna stofnunarinnar sem slíkrar og starfa veiðimálastjóra.

91. gr. er samhljóða 88. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að fulltrúi félags eldisstöðvæigenda tekur sæti í Veiðimálanefnd í stað fulltrúa Hafrannsóknastofnunar.

92. gr. fjallar um veiðieftirlit og svarar til 89. gr. gildandi laga. Þar eru nokkrar breytingar og viðbætur.

Í 1. tölul. er kveðið á um að landinu öllu skuli skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi með reglugerð. Eðlilegra þótti að binda svæðisskiptingu þessa ekki í lögum, þar sem nauðsynlegt getur reynst að breyta stærð eða takmörkum veiðieftirlitsumdæma þegar reynsla er fengin af hinu nýja skipulagi eða ef aðstæður breytast. Samkvæmt tillögu nefndar þeirrar, sem samdi frv. þetta, hljóðar 1. töluliður þannig:

1. Landinu öllu skal skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi, sem svarar 6 stöðugildum, með reglugerð, sem ráðherra setur, og ná þau til ytri marka netlaga í sjó. Hann skipar eftirlitsmann í hvert þeirra svo fljótt sem aðstæður leyfa. Í þeim efnum skal ráðherra leita tillagna veiðimálastjóra.

Eftir umfjöllun ríkisstjórnarinnar hljóðar 1. tl. þannig:

1. Landinu öllu skal skipt í 12 veiðieftirlitsumdæmi með reglugerð, sem ráðherra setur, og ná þau til ytri marka netlaga í sjó. Ráðherra skipar eftirlitsmann í hvert þeirra, fyrir veiðitímabil hverju sinni, að fengnum tillögum veiðimálastjóra.

Einnig er það nýmæli, að nú er tekið fram að veiðieftirlitsumdæmin skuli ná til ytri marka netlaga í sjó. Reynslan sýnir að nauðsynlegt er að kveða skýrt á um þetta.

2. og 3. tölul. eru óbreyttir, en við 4. tölul. bætist ákvæði um að veiðieftirlitsmenn skuli sýna aðgát og varkárni í æðarvarpi og arðgæfum selalátrum. Eðlilegt þykir að setja þessi fyrirmæli þegar ákveðið hefur verið að veiðieftirlitssvæðin skuli ná til netlaga í sjó. 5. tölul. er óbreyttur frá gildandi lögum.

6. tölul. fjallar um rétt veiðieftirlitsmanna til leitar að ólöglegu veiðifangi innanhúss, án undangengins úrskurðar dómara. Heimild þessi er nokkuð þrengd frá gildandi lögum, þar sem hún er nú einvörðungu bundin við verslanir, reykhus eða frystihús. Unnt þótti að túlka orðalagið „eða í öðru geymsluhúsnaði“ of rúmt, og var það því fellt niður.

93. gr. svarar til 90. gr. gildandi laga og fjallar um laun og starfskjör veiðieftirlitsmanna. Greininni hefur verið breytt frá tillögum nefndarinnar, en í þeim er ríkissjóði ætlað að greiða eftirlitsmönnum sömu laun og lögreglumönnum, auk alls kostnaðar við störf eftirlitsmannanna. Breytt er greinin eins og 90. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að helmingur aksturskostnaðar eftirlitsmanna skal greiddur, auk helmings kaups eins og áður var. Eftirlitsmönnum þessum er ætlað að gæta þess, að veiði sé stundum með löglegum hætti, og líta ekki síður eftir veiðiréttareigendum en öðrum.

Telji eigendur eða notendur veiði þörf á eftirlitsmanni á sérsvæði sínu til nánara eftirlits og umsjónar, má ráðherra löggilda þá til starfans. Ber þá þeim, sem skipunarinnar æskja, að greiða allan kostnað af starfseminni. Fjallar síðari töluliður greinarinnar um þetta efni.

XIV. KAFLI

Um Fiskræktarsjóð og lán- og styrkveitingar til fiskræktar.

94. gr. fjallar um Fiskræktarsjóð, stofnfé hans og tekjur, ásamt fyrirmælum um stjórnun sjóðsins. Greinin svarar til 91. gr. gildandi laga, en er þó frábrugðin henni í ýmsum atriðum.

Fyrst nýmæla er það, að gert er ráð fyrir verulegu stofnframlagi ríkissjóðs næstu 4 árin og skal því fé einungis varið til lánveitinga (sjá 95. gr.).

Um fasta tekjuliði er það að segja, að staflíðir a, b og e í gildandi lögum haldast óbreyttir, nema hvað e-liður verður að g-lið.

Áfram er gert ráð fyrir gjaldi frá veiðiréttareigendum, 2% af veiðileigutekjum, en 1% af veiðitekjum. Sú breyting er þó á gerð, að nú skal skattheimtuckerfi ríkisins sjá um innheimtu gjaldsins. Það fyrirkomulag er talið verða öruggara og einfaldara en núverandi skipulag.

Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að gjald vatnsaflsstöðva í landinu til sjóðsins hækki úr 3% í 5% af óskírum tekjum þeirra, og skal gjaldið nú reiknast af allri orkusölu, en ekki einvörðungu af sölu til almennings, eins og verið hefur.

Nýmæli í tekjuöflun til sjóðsins eru að frumvarpið gerir ráð fyrir að fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiði 0,5% af óskírum tekjum sínum til sjóðsins. Þykir slíkt eðlilegt, þar sem verulegur hluti af ráðstöfunarfé hans hefur undanfarið runnið til slíkra fyrirtækja, og má búast við að svo verði áfram.

Enn fremur er það nýmæli, að gert er ráð fyrir að fiskræktarfé úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, eftir ákvörðun ráðherra, renni til sjóðsins.

3. tölul. greinarinnar í frumvarpinu er samhljóða 2. tölul. 91. gr. í gildandi lögum.

95. gr. svarar til 92. gr. gildandi laga, en er nokkuð breytt að efni og orðalagi. 1. tölul. frumvarpsins hefst á orðunum: „Lán og styrki má veita“ — í stað orðanna: „Lán og styrki skal veita“ í gildandi lögum. Óheppilegt þótti að ákvæði um lán- og styrkveitingu væru jafnbindingandi og þau nú eru, t. d. með það í huga, að erlend stórfyrirtæki athuga nú möguleika á hafbeiti í stórum stíl héðan.

Síðar í sömu málsgrein er orðið „og“ notað í stað orðsins „eða“ í gildandi lögum. Einnig er sleppt úr frumvarpinu ákvæði þess efnis, að meðmæli veiðimálastjóra séu nauðsynleg forsenda styrkveitinga. Þykja áhrif hans á slíkar styrkveitingar nægjanlega tryggð með setu hans í sjóðsstjórn.

2. tölulið frumvarpsins er breytt frá gildandi lögum á þann hátt, að samkvæmt því er aðeins heimilt — en ekki lengur skylt — að styrkja ákveðnar, umgetnar framkvæmdir. Vísast til athugasemda við svipuð atriði í 1. tölul. þessarar greinar um ástæður til þessa.

Einnig er það nýmæli í þessum tölulið frumvarpsins, að gert er ráð fyrir styrkveitingum til hafbeitarstöðva og einnig til ræktunar fisks á ófiskgengum og fisklitlum svæðum, en mikill áhugi er nú á framkvæmdum á báðum þessum sviðum.

Í frv. því, sem ráðherra fékk frá nefnd þeirri, er samdi frumvarpið, er í 96. gr. ákvæði um lánveitingar úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til fiskræktarbýla, klak- og eldisstöðva. Grein þessi er felld niður í frv. því, sem nú er lagt fram og breytast því eftirfarandi greinanúmer í samræmi við það.

XV. KAFLI

Um matsgerðir og skaðabætur.

96. gr. svarar til 94. gr. gildandi laga og er óbreytt að öðru leyti en því, að í 3. tölul. er nú tekið fram að skipunartími yfirmatsmanna skuli vera 4 ár. Í gildandi lögum er um ótilgreindan tíma að ræða.

97. gr. fjallar um bótagreiðslur vegna friðunaraðgerða samkvæmt frumvarpi þessu og svarar til 95. gr. gildandi laga, með nokkrum breytingum þó. Í 1. tölul. eru bótaréttindi aukin frá því sem nú er, með því að segja „að miklu eða öllu“ í stað „að mestu eða öllu“ —. Einnig með því að nota orðalagið: „þá veiðiaðferð, er hann áður viðhafði“ — í stað: „þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma.“

Á 2. tölul. er gerð sú breyting, að skaðabótaskylda er felld af sýslusjóðum og alfarið yfir á ríkissjóð. Nefndarmenn telja að engin sanngjörn rök mæli með því að krefja sýslusjóði um bætur þessar, þar sem beinar tekjur þeirra af veiðihlunnindum eru engar og óbein tengsl mjög óveruleg. Sýslusjóðir eru og mjög fjárvana og geta engin gjöld lagt á til að mæta útgjöldum þessum.

Undanfarið hafa bótagjöld af þessu tagi vart fallið á nema einn sýslusjóð í landinu og horfir nú í óefni með greiðslugetu hans. Einnig telja nefndarmenn að þegar löggjafinn samþykkir ákvæði, sem takmarka rétt einstaklinga í þágu heildarinnar á þann hátt, að til bótaskyldu leiðir, þá hljóti sú bótaskylda fyrst og fremst að falla á löggjafann sjálfan (sjá athugasemdir við 14. gr. 3. tölul.). Að þessu öllu athuguðu er áminnst breyting gerð.

3. tölul. fjallar um það, er einstakur veiðieigandi hefur „orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna þess, að veiðifélag notfærði sér heimild 62. gr. frumvarpsins um aukna friðun“. Eðlilegt og sjálfsagt er að viðkomandi veiðifélag greiði eitt þær bætur, sem ákveðnar kunna að verða fyrir slík tilvik. Efnislega er ákvæði þetta samhljóða 3. tölul. 95. gr. gildandi laga, eins og skýrt kom fram í athugasemdum með því frumvarpi á sínum tíma. Orðalag sjálfra laganna er þó tæpast nógu skýrt til að ekki geti misskilist og þótti rétt að bæta úr því.

98. gr. er óbreytt frá 96. gr. gildandi laga.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfars.

99. gr. svarar til 97. gr. gildandi laga og er óbreytt að öðru leyti en því, að bætt er nýjum staflið, j, inn í 1. tölulið. Þessi stafliður fjallar um heilbrigðiseftirlit, flutning á lifandi fiski og hrognum sem og fisksjúkdómavarnir. Menn gera sér nú æ betur ljóst hversu mikilvæg þessi atriði eru, og þótti rétt að hafa sérstakan staflið um þau.

2. tölul. fjallar um sektarupphæðir, en þær eru orðnar mjög úreltar í gildandi lögum. Í frumvarpinu eru þær tengdar almennum verðbreytingum.

100., 101., 102. og 103. gr. eru óbreyttar frá 98., 99., 100. og 101. gr. gildandi laga, nema hvað tilvísunartölum í 99. gr. er breytt til samræmis við frumvarp þetta.

104. gr. svarar til 102. gr. gildandi laga. Við 1. tölul. greinarinnar er bætt fyrirmælum um að sýna skuli mikla varkárni í æðarvarpi og arðgæfum selalátrum. Ákvæði þetta er í samræmi við 4. tölul. 92. gr. frumvarpsins.

105. gr. þarfnast ekki skýringar.

XVII. kafli gildandi laga fellur niður.

Fylgiskjal I.

1. Lagnet eru óbrotlust og frumlegust allra veiðivéla. Þau eru gerð úr netriðli, sem á báðum hliðum er felldur við strengi úr snæri eða kaðli og teinar nefnast. Við annan teininn, sem nefnist fláateinn, er fest korkbútum svo mörgum, að þeir geti haldið netinu uppi í vatninu. Á hinn teininn, leggjateininn, eru dregnir leggjabútar, eða við hann er fest steinum, blýi eða járnfesti, svo að hann leiti botns, þá er netinu er lagt í vatn.


Lagnet eru nú einkum notuð til silungsveiði í sjó og stöðuvötnum. Er þeim þá lagt annaðhvort við stjóra og dufl úti í vatni eða frá bakka við landtaug. Oftast liggja þau þau eða lítið eitt buguð. Í straumvötnum eru lagnetin óvíða notuð, því að erfitt er að stöðva þau í straumi, og þykja þau ekki veiðin. Er þeim þar helst lagt forstreymis frá landi, þar sem klappir eða eyraroddar standa út í vatnið, svo að iða verði neðan við eða andstreymi, sem haldi netjunum frá landi. Mun þetta vera það, sem Grágás kallar að leggja netjum strandlagi.

2. Króknet eru komin frá lagnetjunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildirur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum, grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum ysta kláf er öðru neti lagt undan straumi, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er upp móti straumi. eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir sem lengra dregur forstreymis, uns bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað að svifa honum svo langt út sem lög leyfa, og helst út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinna. Milli lands og netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veiðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, uns fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.


Króknetjum verður ekki við komið í stríðum straumi, og ekki verða þau að fullum notum þar, sem aðdjúpt er eða langt út að straumlínu, svo sem víða er í hinum stærra ám landsins. En í flestum ám eða öllum eru þó margir slíkir staðir, að þau verði að miklu gagni, enda eru þau algengust allra veiðivéla, sem hér eru notaðar. Þann ágalla hafa þau, að fiskurinn ánetjast í þeim og er því ekki sem álitlegust vara.

3. Kistur eru veiðigildirur, áþekkar króknetjum í aðaldráttum. Kláfar með grjóti í eru settir út í ána, á sama hátt sem í króknetjunum, en á þá er ekki fest net til fyrirstöðu, heldur trégrindur með þéttum rimlum, er snúa upp og niður í vatninu. Frá ystu kláfunum liggur önnur girðing undan straumi. Hún er einnig gerð úr grindum, og er þeim fest við kláfa, staura eða steina. Á þennan hátt verður veiðikví niður frá þvergirðingunni á sama hátt sem við króknetin. Ofan við þvergarðinn er svo kistan sjálf sett. Hún er þríhyrndur rimlakláfur um 2 metrar á hvern veg. Henni er svo fyrir komið, að hið hvassasta horn hennar veit móti straumi og klýfur hann, en stysta hliðin snýr undan straumi, og liggur hún fast við fyrirstöðugirðinguna. Á þessari hlið er op, sem þannig er gert, að fiskurinn kemst inn um það, en ekki út aftur. Á kistunni er svo venjulega lok og í því hlemmur, er opna má til þess að ná fiskinum úr kistunni. Þess er vandlega gætt, að sem mestur straumur verði gegnum




kistuna. Er hún því sett þar, sem rennsli er mest gegnum girðinguna, en það er venjulega fremst við hana eða framanvert.

Fiskur sá, er gengur í veidiví við kistu, lendir á þvergarðinum og leitar útkomu. Sækir hann fast í strauminn og finnur þá fyrr eða síðar opið inn í kistuna. Kisturnar eru einkum nothæfar þar, sem straumur er mikill og dýpi við hæfi, og má það varla vera meira að jafnaði en 1 metri. Þær eru nú óvída notaðar hér á landi. Má þó svo heita, að þær séu hið eina



veiðitæki, sem komið verði við þar, sem ár eru straumharðar og falla á flúðum og stórgrýti. Þann kost hafa þær yfir króknetin, að fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Er hann því ómeiddur og óþreyttur, þegar hann er úr þeim tekinn.

4. Girðingar eða veiðigirðingar eru allmjög frábrugðnar króknetjum og kistum. Þær eru á þann hátt gerðar, að girðingarstaurar eru reknir niður í árbotninn hver fram af öðrum og svo margir sem þurfa þykir. Á staura þessa er svo fest grindum eða neti úr vír eða vörpugarni, svo þéttriðnu, að fiskur geti ekki smogið það. Þannig er girt svo langt út frá landi sem unnt er eða leyfilegt. Frá girðingunni er svo lagður leiðari forstreymis, eftir því sem þurfa þykir. Er hann gerður á sama hátt sem aðalgirðingin. Að sjálfsögðu þarf ekki að hafa leiðara eða hafa má þá lausa eftir vild. Á girðingunni er haft hlið, þar sem best þykir



henta, en upp frá því kró eða gildra, er fiskurinn safnast í. Gildra þessi eða kró getur verið með ýmsu móti. En aldrei má riðill í gildru né girðingu né rimlar vera þéttari en lög leyfa.

Þá er fiskurinn gengur upp eftir ánni, rekst hann á aðalgirðinguna. Leitar hann þá út frá landi, uns hann lendir í kví þeirri, er verður milli leiðara og aðalgirðingar. Lætur hann þá


lokkast inn í kró. Á hann sér þá engrar undankomu von, því að hann leitar jafnan í strauminn eftir útgöngu, enda er svo um króna búið, að óhugsandi er, að nokkur fiskur geti ratað út úr henni.

Girðingar hafa verið notaðar hér á landi aðeins þrjá síðustu áratugi. Þær eru allgóð veiðitæki, en dýr. Ekki verða þær notaðar í miklum straumi eða grjótbolti. En á leirum og lygnum árbreiðum henta þær best allra veiðitækja. Þær hafa þann sama kost sem kisturnar, að þær skemma ekki fiskinn eða þreyta hann.


Þau veiðitæki, sem hér hafa talin verið, bæta upp hvert annars ágalla, þá er á þeim eru frá tæknilegu sjónarmiði. Þeir staðir eru fáir í vatni, að engu þeirra verði við komið.

Silungagildir


Gildra er föst veiðivél til notkunar í silungsvötnum. Hún veiðir silung og geymir hann lifandi uns hún er tæmd. Í meginatriðum er gildran sem hér segir: Netveggur, **leiðari**, liggur frá landi út í sjálfa veiðivélina, gildruna. Leiðarinn er um 50 m langur, og þegar fiskur kemur að honum beygir hann og syndir annað hvort að eða frá landi. Sá fiskur sem syndir frá landi kemur að gildrunni (sjá mynd) og syndir inn í hana. Fiskur sem kemur að hindrun hefur tilhneigingu til að synda í hringi, og gildran er þannig gerð að fiskurinn leiðist stöðugt innar í hana og syndir loks inn í trekt sem liggur inn í svokallað **fiskihólf**. Þaðan kemst hann ekki út aftur, vegna þess að op trektarinnar er í miðju kassans, miðja vegu milli botns og þaks hólfins, en fiskurinn gerir yfirleitt tilraunir til að komast undan, með því að leita útgöngu í hornum fiskihólfins, niður við botn eða upp við þak. Ef gat er á gildrunni á þessum stöðum finnur fiskurinn mjög fljótlega útgönguleið þar í gegn.




Ós í Á




Ós í SJÓ




Ós í STÖÐUVATNI



Ós ÚR STÖÐUVATNI



FISKSTIGI



Fylgiskjal II.

Fyrirvari Árna Gunnarssonar:

Undirritaður er ósammála 77. gr. frv. sem fjallar um skipan fisksjúkdómanefndar. Ennfremur er undirritaður ósammála 92. gr. frv., einkum 6. tölulið, og áskilur sér rétt til að flytja brtt. við báðar þessar greinar.

Árni Gunnarsson.

Fylgiskjal III.

Fyrirvari Ólafs Þórhallssonar:

Um leið og nefnd sú sem að undanfögnu hefur unnið að endurskoðun laga um lax- og silungsveiði skilar af sér tillögum sínum, vill undirritaður nefndarmaður koma á framfæri við landbúnaðarráðherra og löggjafarvaldið svofelldum fyrirvara, sem hann vísar til í undirskrift sinni undir frumvarpið.

Ég tel að ákvæði séu í frumvarpinu, sem þröngvi rétt eigenda sjávarveiði með þeim hætti að ekki verði við unað og vart fái samrýmt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar. Varðandi 4. mgr. 14. gr. laganna skal sérstaklega á það bent, að veðurfar og sjólag við strendur Íslands er ekki víða með þeim hætti að unnt sé að láta silunganet liggja hálfu vikuna, sé meðaltal veiðidaga tekið, hvað þá meir. Ákvæði þetta mismunar því eigendum sjávarveiði og eigendum vatnaveiði með þeim hætti að illt er við að búa. Ég tel að það sé einmitt þessi aðstöðumunur sem veldur því að eigendur sjávarveiði freistast stundum til að leggja net sín þegar veður er hagstætt, þrátt fyrir helgarfriðun, þegar ekki hefur gefið til að leggja allan veiðitíma vikunnar á undan. Breyting sú sem nefndin leggur til á 1. mgr. 19. gr. laganna er spor í rétta átt, hvað þetta varðar, en leysir ekki vanda þeirra sjávarbænda sem við erfiðust skilyrði búa að þessu leyti.

Í lögum nr. 53/1957 hljóðar 1. málslíður 2. mgr. 15. gr. laganna svo: „Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi fiskur í það vatn.“ Engin fræðileg gögn studdu breytingu þá sem gerð var á ákvæði þessu við gildistöku laga nr. 76/1970, en hún skerti svo mjög veiðirétt bænda á sjávarjörðum að jafngilt hefði afnámi hans, víðast hvar á landinu, ef ákvæðið hefði verið skýrt skv. orðanna hljóðan í framkvæmd. Hér á ég við þá staðreynd, að óvída er að finna strandlengju þar sem tveir kílómetrar eru á milli þess sem lækjarsitur falli í sjó.

Sú breyting sem nefndin leggur til er til nokkurra bóta en ófullnægjandi. Vekja má athygli á, að ákvæði um að binda selveiðar í net við ósa straumvatns leyfi ráðherra, rekst á þá skoðun að fækka beri sel vegna þess usla sem hann veldur beint og óbeint í fiski. Hér tel ég að hverfa eigi aftur til orðalags laga nr. 53/1957.

Ákvæði það sem meirihluti nefndarmanna vill setja inn í 35. gr. frumvarpsins, um fjarlægð milli silunganeta í sjó, virðist mér óþarft og óheppilegt. Aðstaða til að leggja silunganet í sjó er mun óvída fyrir hendi en í fersku vatni. Oft hagar þannig til á langri strandlengju, að slík aðstaða er aðeins í einni vík og geta lagnet þá verið þar mun þéttari en ákvæðið gerir ráð fyrir.

Telja verður eðlilegt að í veiðimálanefnd eigi sæti fulltrúi eigenda sjávarveiði. Hagsmuna stangaveiðimanna ætti hins vegar að vera nægilega gætt þar af fulltrúa Landssambands veiðifélaga.

Leitarheimild 6. mgr. 92. gr. (6. mgr. 89. gr. núgildandi laga) stangast á við meginreglu opinbers réttarfars, sem gerir ráð fyrir að til húsleitar þurfi úrskurð dómara nema í sérstökum undantekningartilfellum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að versti agnúinn verði numinn brott, en engu að síður verður ákvæðið að teljast óviðeigandi, ekki síst þegar tillit er tekið til þess að engar kröfur eru gerðar til menntunar veiðieftirlitsmanna, gagnstætt því sem algengast er nú um löggæslumenn.

Ólafur Þórhallsson.

Fylgiskjal IV.

Fyrirvari Þorsteins Þorsteinssonar:

Samþykktur frumvarpinu, að undanskildu ákvæði 19. gr. um heimild til styttingar vikufriðunar innan netlaga í sjó í allt að 48 stundir á viku.

Þorsteinn Þorsteinsson.